

Sæl,

Stjórn Hrfí finnst sannast sagna með ólíkindum að þetta skuli hafa þótt illa kynnt og lítið samráð haft um breytingarnar. Látum fylgja með að gamni síðustu kynninguna sem var frá 5. október 2017. Minnum auk þess á að stjórn hefur boðið ræktunarstjórnnum á fund til að ræða starfsemi í deildum, slíkir fundir voru skipulagðir reglulega fyrir um tveimur árum en nú er ræktunarstjórnnum boðið uppá slíkan fund ef þær sjálfar kjósa.

Til upprifjunar áttu breytingarnar rætur að rekja til vinnu sem fram fór á 2 stefnumótunardögum á árinu M og svo aftur 2014. Starfshópur var svo settur á laggirnar í framhaldinu til að fjalla um mögulegar breytingar á reglum um starfsemi deilda.

Tillögur starfshópsins kynntu þær Guðbjörg Guðmundsdóttir og Klara Símonardóttir svo á fundi fulltrúaráðs 2. mars 2016. Skal tekið fram að á þeim fundi var mætt af hálfu Fjár- og hjarðhundadeildar eins og bókað er í fundargerð. Sú nýbreytni að kjósa tengiliði var meðal upphaflegra tillagna starfshópsins og ekki man stjórn að athugasemdir hafi komið fram um þá tillögu.

27. apríl 2016 eru tillögurnar svo kynntar á opnum fundi allra félagsmanna en í framhaldi þess fundar gerði stjórn breytingatillögur sem aðallega fjölluðu um skilyrði stofnunar og hvenær ætti að leggja niður deild, fékk tillögur og álit laganefndar félagsins. Almenn ánægja var um tillögurnar að öðru leyti.

Í framhaldinu var svo ákveðið að kjósa um lagabreytingatillögur á aðalfundi félagsins 2017 og 5 okt. voru þessar breytingar á starfsreglunum svo kynntar á fulltrúaráðsfundi og fyrir hönd fjár- og hjarðhundadeild sátu tveir fulltrúar úr þeirri ræktunarstjórn þann fund, þær Sunna Dís og Birna. Nýjar reglur voru svo birtar á vef félagsins daginn eftir eða 6. október 2017.

Sagan sýnir að víðtækt samráð var haft við stjórnir deildanna og eins voru reglurnar ítarlega kynntar áður en þær tóku gildi. Athugasemdir um annað sýna sorgleg merki um að fulltrúar viðkomandi deildar hafi hvorki mætt undirbúin á fundina né tekið virkan þátt í þeim eða unnið úr þeim fundi innan sinnar stjórnar. Það er áhyggjuefni.

Um aðrar spurningar er svar okkar eftirfarandi:

1. Það er ljóst að tengiliður sækir umboð sitt til ársfundar nema í þeim tilvikum þar sem hann er skipaður af stjórn. Stjórn getur sett tengiliðum starfsreglur. Þeir sem sitja í stjórn ræktunardeilda og nefnda ásamt tengiliðum eru fulltrúar Hundaræktarfélags Íslands. Þeir skulu gæta trúmennsku í störfum, leggja sitt af mörkum til að efla félagið og standa vörð um hagsmuni þess. Þeir sem valdir eru til stjórnarstarfa þurfa að þekkja lög og reglur HRFÍ og starfa samkvæmt þeim í sérhverju máli sem þeim er falið að vinna.
2. Ekki er kveðið á um kjörtímabil tengiliða tegunda líkt og um stjórn ræktunardeilda. Af því leiðir að kjör þeirra gildir til eins árs í senn og að samkvæmt gildandi reglum eigi að kjósa tengiliði fyrir hverja tegund fari fjöldi þeirra hunda yfir fimm samkvæmt

reglunum. Stjórn hefur vissan skilning á því að eitt ár sé stuttur tími og hér hefði verið gott ef Fjár - og hjarðhundadeild hefði komið fram með þær athugasemdir á einum þeirra þriggja funda sem tillögur starfshópsins voru kynntar. En stjórn hyggst hins vegar taka þá athugasemd til skoðunar í framhaldinu þá þannig að haft verði samráð við starfshópinn, sem og aðrar safn eða hópdeildir innan félagsins.

3. Hér gilda óbreyttar reglur um kosningu og ef réttilega er til fundarins boðað, hann er löglegur og við kosningu, viðkomandi fær meirihluta þeirra sem hafa atkvæðarétt og mæta á fundinn þá er viðkomandi rétt kjörinn. Það liggur í hlutarins eðli að ef fleiri en einn eru í framboði þá þarf meirihluta og í raun getur eitt atkvæði verið meirihluti, ef annar frambjóðandi hlýtur eitt atkvæði en hinn ekkert.
4. Það er ekki skylda að hafa tengilið þegar fjöldi hunda í tegund er undir fimm talsins. Hins vegar getur stjórn deildar sett sér þá reglu.

Það er von okkar að þetta svari þeim spurningum sem þið hafið. Við minnum á netfang stjórnar Hrfí, stjorn@hrfi.is. Við erum að sjálfsögðu reiðubúin að funda með ykkur ef þið óskið eftir því.

Með óskum um gott gengi,
f.h. stjórnar Hrfí
Herdís Hallmarsdóttir formaður.